

Fimmtudaginn 14. nóvember 1940.

Nr. 3/1940. **Alþýðusamband Íslands f. h. Stýrimannafélags
Íslands**
gegn
Skipaútgerð ríkisins.

Deilt um skilning á gjörðardómi í kaupdeilu. Stýrimenn ekki taldir hafa öðlast rétt til yfirvinnukaups nema í sérstökum undantekningar tilfellum.

Dómur.

Mál þetta er höfðað hér fyrir dómi með stefnu, dags. 18. marz þ. á., af Alþýðusambandi Íslands f. h. Stýrimannafélags Íslands gegn Skipaútgerð ríkisins. Eru dómkröfur stefnanda þær, að stefndi verði dæmdur til þess að greiða Jóni Jónssyni, 3. stýrimanni á v/s Ægir, en hann er meðlimur stýrimannafélagsins, kr. 46.00 ásamt 5% ársvöxtum frá 1. okt. 1939 til greiðsludags og málskostnað að skaðlausu. Stefndi hefir krafizt sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans, eftir mati dómsins.

Málsatvik eru þessi:

Fyrra hluta ársins 1938 hófst kaupdeila milli stýrimannafélagsins annars vegar og skipaútgerðar ríkisins o. fl. hins vegar um kaup og kjör stýrimanna. Samkomulag náðist ekki, og með l. nr. 39/1938 var deilan lögð undir úrskurð gerðardóms, sem skipaður var samkvæmt nefndum lögum, og kvað hann upp úrskurð sinn 17. maí 1938. Í 6. gr. II. kafla úrskurðarins segir svo:

„Á skipum Skipaútgerðar ríkisins, sem hafa 3 stýrimenn, skulu vera þrískiptar vaktir, nema þegar skipstjóri telur að nauðsyn beri til þess að vikja frá þessari reglu vegna öryggis skipsins.

Þegar lagt er að bryggjum eða frá bryggjum skal eigi kalla til starfa nema tvo stýrimenn, nema skipstjóri telji að brýna nauðsyn beri til þess. Nú eru tveir stýrimenn, þegar svo stendur á, kallaðir til starfa á frivakt, og skal þá, ef lagt er að bryggju, sá þeirra, sem styttra hefir verið á frivakt, fá eina krónu fyrir hverja byrjaða hálfu klukkustund, sem tekin er af frivakt hans. Þegar lagt er frá bryggju, skulu stýrimenn, sem hafa frivakt og kallaðir eru til starfa,

fá sömu aukagreiðslu sem að ofan greinir. Aukagreiðslur þessar greiðast samkvæmt skýrslu skipstjóra“.

Aðilja máls þessa greinir nú á um það, hvernig skilja beri ákvæði nefndrar greinar. Telur stefnandi, að samkvæmt henni beri stýrimönnum á skipum skipaútgerðarinnar 2 krónur fyrir hverja klukkustund, ef þeir séu kallaðir til starfa á þeim tíma, sem þeir eiga frívakt samkvæmt ákvæði greinarinnar um þrískiptar vaktir, nema öryggi skipsins krefjist starfa þeirra. Byggir hann þessa skoðun sína á því, að þar sem sett séu ákvæði í greininni um þrískiptar vaktir þá hljóti stýrimönnum að bera kaup fyrir vinnu þá, er þeir leysa af hendi á frívakt, og þar sem ekki séu bein ákvæði um kaupupphæðina, beri að leggja til grundvallar kaupgreiðslur þær, sem ákveðnar eru þegar stýrimenn eru kallaðir af frívakt, er skipi er lagt að og frá bryggju. Þá heldur stefnandi því og fram, að samkvæmt 6. gr. l. nr. 32/1935, um varðskip landsins og skipverja á þeim, eigi stýrimenn varðskipanna sama rétt til greiðslu fyrir yfirvinnu sem stýrimenn strandferðaskipanna. Nú hafi nefndur Jón Jónsson unnið 23 tíma samtals á frívakt sinni við björgun e/s Lappen í september 1939, og beri honum 46 krónur fyrir yfirvinnu þessa, og kemur þannig út hin umstefnda upphæð.

Stefndi hefir algerlega mótmælt þeim skilningi stefnanda á ákvæðum 6. gr. II. kafla gerðardómsúrskurðarins, sem að framan getur. Telur hann, að ekki sé að finna í gerðardómnum neina heimild fyrir því, að stýrimenn eigi heimtingu á yfirvinnukaupi, né heldur verði slík greiðsluskylda á hendur stefnda byggð á ákvæðum nefndrar greinar um þrískiptar vaktir. Í úrskurðinum sé aðeins ákveðin aukabóknun til stýrimanna, þegar lagt sé að eða frá bryggju, og þar sem sú aukagreiðsla sé ákveðin undir alveg sérstökum kringumstæðum, þá verði af því að draga þá ályktun, að í öðrum tilfellum eigi stýrimenn ekki rétt á neinum aukagreiðslum. En enda þótt svo yrði litið á, mótmælir hann því eindregið, að stýrimenn á varðskipum ríkisins eigi heimtingu á nokkurri aukabóknun í formi tímavinnukaups, þegar þeir vinna að björgunarstörfum í yfirvinnu, og krefst hann til vara sýknu á þeim grundvelli.

Áður en framannefndur gerðardómsúrskurður var kveðinn upp, voru ekki í samningum stýrimanna og skipafélag-

anna nein ákvæði um tilhögun vaktaskipta né heldur um aukakaupgreiðslur til stýrimanna, ef vinnutími þeirra færi fram úr tilteknu hámarki. Þegar framangreint verkfall 1938 stóð yfir, gerðu þeir hins vegar kröfu til þess, að ef þeir ynnu lengur en tiltekinn tímafjöldi á sólarhring, skyldi þeim greitt yfirvinnukaup, og enn fremur kröfðust þeir þess, að tekin yrðu upp í samninga þeirra við skipafélögin ákvæði þess efnis, að á þeim skipum, er hefðu þrjá stýrimenn, skyldu vera þrískiptar vaktir. Skipafélögin neituðu alveg að greiða eftirvinnukaup, en munu hins vegar undir sáttaumleitunum málsins hafa boðizt til þess að ganga inn á þrískiptar vaktir.

Í úrskurði gerðardómsins II. lið 6. gr. er tekið upp það nýmæli, að vaktir skuli vera þrískiptar á þeim skipum, sem hafa þrjá stýrimenn. Hins vegar eru ekki í nefndri grein nánari ákvæði um vinnutíma, skyldu til greiðslu yfirvinnukaups né upphæð þess, að undanskildum sérstökum ákvæðum, er gilda skulu, þegar lagt er að og frá bryggju. Var þó gild ástæða til þess að taka sérstaklega fram um rétt til yfirvinnukaups og upphæð þess, ef innleiða átti með valdboði slíkt fyrirkomulag, sem var algert nýmæli hér að því er stýrimenn snertir, og auk þess andstætt yfirlýstum vilja skipseigendanna í umræddri deilu. Það verður því að skýra grein þessa þröngt, og er því ekki hægt að fallast á þá skoðun stefnanda, að réttur til yfirvinnukaups almennt verði dreginn af þeim ákvæðum nefndrar 6. gr., er fjallar um aukagreiðslur til stýrimanna, þegar skipi er lagt að eða frá bryggju. Þar er um sérstakt undantekningarákvæði að ræða, sem ekki verður jafnað til um kaupgjald fyrir yfirvinnu almennt, og kemur það greinilegast í ljós við athugun greinarinnar, sem takmarkar svo mjög réttinn til aukagreiðslna, að þegar tveir stýrimenn eru kallaðir til starfa á frivakt, þegar skipi er lagt að bryggju, þá á aðeins annar þeirra rétt til aukabóknunar.

Með tilliti til framangreindra atriða verður ekki talið, að stýrimenn í þjónustu stefnda geti byggt rétt til yfirvinnukaups á nefndum úrskurði umfram þær aukagreiðslur, er sérstaklega eru tilgreindar í 6. gr. hans, og verður því þegar af þessari ástæðu að taka sýknukröfu stefnda í máli þessu til greina.

Eftir þessum málsúrslitum ber að dæma stefnanda til að greiða stefnda málskostnað, er ákveðst kr. 150.00.

Einn dómenda, Sigurjón Á. Ólafsson, getur ekki fallizt á þessa niðurstöðu og gerir sérstaklega grein fyrir sinni skoðun í málinu.

Dví dæmist rétt vera:

Stefndi, Skipaútgerð ríkisins, á að vera sýkn af kröfum stefnanda, Alþýðusambands Íslands f. h. Stýrimannafélags Íslands, í máli þessu.

Stefnandi greiði stefnda kr. 150.00 í málskostnað innan 15 daga frá birtingu dóms þessa, að viðlagðri aðför að lögum.

Sératkvæði Sigurjóns Á. Ólafssonar.

Mál þetta er höfðað af Alþýðusambandi Íslands vegna Stýrimannafélags Íslands gegn Pálma Loftssyni fyrir hönd Skipaútgerðar ríkisins með stefnu, útgefinni 18. marz 1940.

Tildrög máls þessa eru þessi:

Með úrskurði gerðardóms, sem skipaður var samkvæmt lögum frá 6. maí 1938 vegna ágreinings Eimskipafélags Íslands h/f o. fl. annars vegar og Stýrimannafélags Íslands hins vegar, voru sett ákvæði um kaup og kjör stýrimanna. Í 6. gr. úrskurðarins segir svo: „Á skipum félagsins skulu vera þrískiptar vaktir nema þegar skipstjóri telur, að nauðsyn beri til að víkja frá þessari reglu vegna öryggis skipsins.“

Stýrimannafélag Íslands litur svo á, að grein þessi verði ekki skilin á annan veg en þann, að ef stýrimenn séu kvaddir til starfa um fram hina föstu þrískiptu vakt, þá beri þeim sérstök þóknun fyrir.

Skipaútgerð ríkisins litur hins vegar svo á, að greinina beri að skilja svo, að stýrimönnum sé ekki skylt að koma á vörð utan hins fasta varðtíma, nema öryggi skipsins krefjist slíks, og undir slíkum kringumstæðum beri þeim engin sérstök þóknun.

Út af þessum ágreiningi er mál þetta risið.

Í sjómannalögum nr. 41/1930 er svo ákvæðið, að skipverjum, þar á meðal stýrimönnum, beri að hlýða fyrirskipun skipstjóra um að fara á vörð og vera á verði, og er refsing viðlögð, ef út af er brugðið.

Stýrimönnum er því lögum samkvæmt óheimilt að neita skipan skipstjóra um að vera lengur á verði en þrískipta vaktin segir fyrir um. Úrskurður gerðardómsins frá 1938 getur enga breytingu gert hér á.

Það verður því ekki fallizt á þá skoðun stefnda, að skilja beri ákvæði gerðardómsins á þann veg, að hann leysi stýrimenn undan þeirri skyldu að vera á verði umfram þrískiptu vaktina nema öryggi skips útheimti slíkt.

Er þá að athuga skýringu stefnanda, Stýrimannafélags Íslands. Undirritaður verður að lita svo á, að með takmörkun varðtímans hafi vakað fyrir gerðardóminu að takmarka vinnutíma stýrimanna þeim til hagslóta. Ákvæði gerðardómsins megnar ekki að leysa stýrimenn undan þeirri skyldu að standa vörð samkvæmt fyrirskipun skipstjóra, þó utan hins venjulega vinnutíma sé. Ætti stýrimönnum að vera slíkt skylt, án

sérstakrar greiðslu, væri ákvæði gerðardómsins um takmörkun varðtímans með öllu þýðingarlaus.

Virðist því liggja beinast við að fallast á skýringu stefnanda, Stýrimannafélags Íslands, og telja, að með 6. gr. gerðardómsúrskurðarins frá 1938 hafi stefnda verið sköpuð skylda til að greiða stýrimönnum sérstaka þóknun fyrir þær vaktir, er þeir stæðu umfram þrískiptu vaktirnar.

Af hálfu stefnda, Skipaútgærðar ríkisins, hefir því verið haldið fram, að stýrimenn þeir, er þetta mál er út af risið, hefðu þegar fengið greiddar aukavaktirnar með björgunarlaunum. Á þetta verður ekki fallið.

Björgunarlaunin hafa verið ákveðin eftir sérstökum reglum, alveg án tillits til varðtímans, en aukavinnan er eingöngu greiðsla fyrir störf, unnin í þágu útgerðarmanns í frítíma skipverjans.

Samkvæmt ofanrituðu verður því að fallast á kröfur stefnanda og dæma Skipaútgærð ríkisins til greiðslu aukapóknunar fyrir yfirvinnu.

Fimmtudaginn 21. nóvember 1940.

Nr. 10/1940. **Málarasveinafélag Reykjavíkur**

gegn

Málarameistarafélagi Reykjavíkur.

Varadómari Sigurgeir Sigurjónsson í stað Sigurjóns Á. Ólafssonar.

Úrskurður.

Í máli þessu hefir stefnandi gert kröfur þess efnis, að það verði dæmt brot á samningi milli málsaðilja, dags. 1. maí 1940, að tvö málarameistarafirmu önnuðust málningu á húsi Háskóla Íslands eftir 1. maí 1940, þar sem slíkt hafi verið óheimilt samkvæmt 13. gr. nefnds samnings.

Stefndi hefir krafizt þess, að málinu verði vísað frá dómi, og hefir það atriði verið tekið sérstaklega til meðferðar. Byggir stefndi frávísunarkröfu sína á því að með gerðardómi, er upp var sagður 26. des. 1939 í deilumáli milli þessara sömu aðilja, út af málun á húsi Háskóla Íslands, hafi verið endanlega skorið úr um rétt meistaranna til þessarar vinnu. Gildi sá úrskurður meðan verkið standi yfir og verði ályktunum hans ekki breytt hér fyrir dómi. Enn fremur heldur hann því fram, að verki þessu sé nú lokið og skipti því ekki lengur máli fyrir stefnanda að fá dómsúrskurð um það, hvort um brot af hálfu meistaranna væri að ræða, þar sem engir hagsmunir séu við það bundnir fyrir hann.